

gert til fullnustu dómum þeim, er hann hefir, áður en gert er fjárnám eftir sátt þeirri, er requirent hefir.

Einnig verður samkvæmt framansögðu að vísa á bug þrautavarakröfu Lárusar Jóhannessonar, enda mundi varakrafa hans um að hans fjárnám gengi á undan fjárnámi requirents verða tekin til greina, ef sami skilningur væri lagður í orðið „samtímis“ eins og hann virðist leggja þar.

Þá hefir Lárus Jóhannesson krafizt þess, að lögð væri löggeymsla á þær eignir requirents, er hann hefir áður lagt löghald á, fyrir dómkröfum hans, áður en gert yrði fjárnám í þeim fyrir requirent, og hefir hann til stuðnings þeirri kröfu sinni bent á fyrimæli norsku laga 1—22—24. En þegar af þeirri stæðu að dómum þeim, er hann hefir á hendur requirent, hefir eigi verið áfrýjað, verður þessi krafa hans eigi tekin til greina.

Fötudaginn 9. dez. 1932.

Nr. 158/1932. **Valdstjórnin** (Bjarni P. Johnson)
gegn

Þórmundi Guðmundssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Svifting ökuskrteinis að fullu vegna ítrekaðs ölvunarbrots.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 5. sept. 1932: Kærði, Þórmundur Guðmundsson, sæti 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og æfilangt sviftur leyfi til að stjórna bifreið og greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur hæstaréttar.

Breytingarnar, sem gerðar voru með lögum nr. 47/1931 á bifreiðalögum nr. 56/1926, snertu ekki

3 og 4 málsg. 5. gr. síðastnefndra laga. Fyrirmæli téðra málsgreina 5. gr. laga nr. 56/1926 verður því enn að takmarka samkvæmt 2. málsg. 20. gr. áfengislaga nr. 64/1930. Og gerir það ekki breytingu í þessu efni, þótt textum laga nr. 23/1927 og 47/1931 hafi verið skeytt inn í texta bifreiðalaga nr. 56/1926 og þau verið gefin út af nýju, með innskotunum sem lög nr. 70/1931.

Kæri hefir eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, áður sætt dómi fyrir að aka bifreið ölvaður. Nú hefir hann öðru sinni gerzt sekur um akstur bifreiðar enda þótt hann væri með áhrifum áfengis. Verður samkvæmt 2. málsg. 20. gr. áfengislaga 64/1930 ekki komizt hjá því að dæma kærða til sektar og til að missa æfilangt ökuleyfi sitt.

Það verður því, með þessum athugasemdum, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo verður og að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Kærði, Þórmundur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar. Þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Garðars Þorsteinssonar, kr. 50 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þórmundi Guðmundssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis að Hverfisgötu 94 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 70, 1931, um notkun bifreiða, og áfengislaga nr. 64, 1930.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina, sem upplýstz hafa með játningu kærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram hefir komið í málinu.

Klukkan um 12 á miðnætti aðfaranótt 2. þessa mánaðar komu tveir menn á Bæjarbílastöðina hér í bænum, þar sem kærði hafði atvinnu við bifreiðaaakstur, og báðu þeir kærðan að aka þeim um bæinn. Ók kærði þeim síðan nokkuð um bæinn í bifreiðinni R. E. 703 og síðan heim til annars framangreindra manna, er býr í húsi við Hallveigarstig hér í bænum, og var klukkan um eitt eftir miðnætti, er þangað kom. Var þar tekið upp áfengi, og drakk kærður um pela af portvíni þar inni. Klukkan um 2,30 tók kærði bifreiðina, er staðið hafði fyrir utan húsið, og ók mönnum þessum fyrst niður að höfn og síðan upp í Fischersund, þar sem annar þeirra ætlaði úr bílnum. En er þangað kom vildi hann ekki, að því er kærði ber, fara út úr bílnum og dvaldist þeim því allengi þarna í sundinu og drakk kærði þá einn snaps af spánarvíni. Klukkan langt gengin í fimm var kærði loks laus við farþegana, og ók hann þá bifreiðinni niður Fischersund áleiðis út í Aðalstræti, en þar stöðvaði Matthias Guðmundsson lögregluþjónn hann og flutti á lögreglustöðina. Kærði hefir viðurkennt, að hann hafi fundið á sér við aksturinn eftir að hann neytti vinsins og lögregluþjónninn hefir borið, að kærði hafi verið sýnilega undir áhrifum áfengis, er hann kom út úr vagninum.

Kærði var með dómi þessa réttar, uppkveðnum 6. október 1930, dæmdur samkvæmt 5. sbr. 14. grein bifreiðalaganna og 20. grein áfengislaganna í 100 kr. sekt og sviftur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir að hafa ekið ölvður bifreið, en hefir ekki að öðru leyti svo kunnugt sé sætt refsingu.

Með verknaði þeim, sem að framan er lýst hefir mætti gerst brotlegur gegn ákvæðum 5. sbr. 14. greinar laga nr. 70, 1931, um notkun bifreiða, og 20. grein áfengislaga nr. 64, 1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna

sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 15 daga, en ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 10 daga. Það verður að svifta hann æfilangt leyfi til að stjórna bifreið og dæma hann til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 12. dezbr. 1932.

Nr. 122/1931. **Júlíus Bjarnason** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Jóni Þorkelssyni (Sjálfur).

Krafa um bætur vegna vanefnda eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1931: Stefnður, Jón Þorkelsson, greiði stefnandanum, Júlíusi Bjarnasyni, kr. 140,00 með 6% ársvöxtum frá 6. júní 1930 til greiðsludags og kr. 60,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur fyrir hæstarétti, *aðallega*, að hinum áfrýjaða dómi verði þannig breytt, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 790,00 með 6% ársvöxtum frá 12. okt. 1929 eða til vara frá 6. júní 1930, *en til vara*, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 508,33, sem sé þær kr. 140,00, sem áfrýjanda voru dæmdar í héraði, og $1\frac{7}{30}$ hluta af þeim kr. 650,00, er metið var hið óunna af verkinu, og hann telur, að hefði komið í sinn hlut í vinnulaun, ef hann hefði innt verkið allt af hendi, ásamt vöxtum sem fyrr segir. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti.